



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. janúar 2019

Efni: Umsögn Femínistafélags Háskóla Íslands um frumvarp til laga um þungunarrof - þingmál 393/149, þingskjal 521.

Femínistafélag Háskóla Íslands fagnar endurskoðun laga um fóstureyðingar frá 1975 og styður uppfærða hugtakanotkun úr fóstureyðing yfir í þungunarrof. Sérstaklega teljum við mikilvægt í uppfærðum lögum að tímarammi laganna sé miðaður við 22.viku þungunar í ljósi þess að nýjar aðstæður og upplýsingar geta komið fram seint á meðgöngu. Rof svo seint eru sjaldgæf en heimildir til þeirra eru nauðsynlegar fyrir þær konur sem það þurfa.

Sjálfsákvörðunarréttur kvenna yfir eigin líkama er með þessu lögum virtur og er stórt skref í áttina að því að styrkja stöðu kvenna á Íslandi.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Femínistafélags Háskóla Íslands,
Sandra Kristín Jónasdóttir, Silja Ástudóttir, Elísabet Ólöf Björgvinsdóttir, Margrét Steinunn Benediktsdóttir, Birta Rós Antonisdóttir og Sólveig Daðadóttir.